

Áveitan

10. tbl. 3. árgangur. Október 2009.

Frjálsíþróttæfingar

Nú fara íþróttæfingar innanhúss á vegum Baldurs, Samhygðar og Vöku fyrir eldri krakka að byrja. Félögin þrjú hafa ákveðið að sameiginlegar æfingar fyrir krakka 11 ára(5.bekkur) og eldri verði í Þingborg á þriðjudögum frá kl. 20:00 – 21:30. Fyrsta æfingin verður þriðjudaginn 6. okóber. Rúnar Hjálmarsson þjálfar.

Ungmennafélögin

Glímuæfingar

Glímuæfingar í Félagslundi hefjast aftur mánudagskvöldið 5. október og verða vikulega í vetur. Æfingarnar standa frá 20:00 til 21:00 og sér Stefán Geirsson um þjálfun. Æfingarnar eru opnar öllum áhugasömum krökkum í Flóahreppi frá 4. bekk og upp úr. Vonast til að sjá sem flesta.

Þjálfari



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá Sveitarstjóra

Samræmd smölun

Auglýsing nr. 725/2004 um skilgreiningu línubryjótafjár í Árnessýslu hefur verið felld úr gildi og tillaga um samræmda smölun á svæðinu milli Hvítár og Þjórsár verið staðfest.

Tillagan er svohljóðandi:

Sveitarstjórnir Skeiða-og Gnúpverjahrepps, Sv. Árborgar, Flóahrepps og Hrunamannahrepps setja fram eftirfarandi tilmæli til sauðfjárbanda um samræmdar lögboðnar smalamennskur innan sveita og milli sveita.

Tilmælin eru sett fram samkv. 6.gr. reglugerðar nr.651 frá 2001 með síðari breytingum.

Sveitarstjórnirnar mælast til að sauðfjárbandur sendi sauðfé í sláturhús sem heimtist eftir fyrstu réttir úr útréttum eða hefur flakkað um sveitir fram eftir hausti þ.e. fé úr öðrum eða seinni réttum þar með talið skilaréttum. Sauðfjárbandum er hinsvegar í sjálfsvald sett hvort þeir taki heim fé úr fyrstu réttum. Þó er mælt til að ekki sé tekið í ásetning lömb sem heimtast með mæðrum sínum úr útréttum.

Ennfremur skal lögð áhersla á að vanda sem mest tilhögun við smölun afréttanna, svo hámarks árangur verði af leitum. Með tilliti til þessa þyrfti að endurskoða ýmsa þætti við skipulagningu og framkvæmd leitanna þannig að afréttir verði í meira mæli smalaðir samhliða.

Sauðfé sem vekur grunsemdir um riðuveiki í smalamennsku skal einangra án tafar. Senda beint í sláturhús eða að lóga á staðnum ef ekki eru aðrir kostir betri. Tilkynna skal um slíka gripi til yfirvalda (sveitarstjórnar, héraðsdýralæknis) og taka sýni.

Oddgeirshólavegur

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni þykir ekki rétt að halda vegarkafnanum á milli Langholtsbæja og Oddgeirshóla inni sem þjóðvegi þar sem erfitt verður að byggja hann upp og þjónusta hann.

Vegagerð hefur einnig tekið fram í erindi til sveitarstjórnar að ekki verði

lagt bundið slitlag á Oddgeirshólaveg frá Hringvegi að sinni eins og vonir voru bundnar við.

Sveitarstjórn hefur sent Vegagerðinni ítrekun á fyrri bókun sinni þar sem farið var fram á að vegurinn milli Langholts og Oddgeirshóla verði ekki tekinn af vegaskrá og að Oddgeirshólavegur verði byggður upp með bundnu slitlagi samhliða framkvæmdum á Langholtsvegi.

Hundamál

Sá fáheyrði og leiði atburður varð nýverið að skólalóð Flóaskóla að nemandi skólans var bitinn af hundi sem komið hafði inn á lóðina. Umræddur nemandi fékk ljóta áverka á upphandlegg og báða fótleggi en fékk aðhlyningu á slysadeild HSu og er á batavegi. Ljóst er að ef ekki hefði verið fyrir snör viðbrögð starfsfólks og annarra nemenda að mun verr hefði getað farið. Nemendur og starfsfólk Flóaskóla voru mjög slegin yfir þessu atviki og alvarleika þess. Í kjölfarið hafa komið upp umræður um hundahald og ábyrgð hundeigenda í því samhengi. Tryggja þarf að nemendur Flóaskóla séu öruggir á lóð skólans fyrir utanaðkomandi hættum sem þessum.

Í Flóahreppi hafa ekki verið settar neinar sérstakar samþykktir um hundahald enda um dreifbýlissveitarfélag að ræða. Þess eru þó dæmi að dreifbýlissveitarfélög setji sér reglur um hundahald og þá er gert ráð fyrir því að einstaklingar fái undanþágu til hundahalds gegn ákveðnum skilyrðum, s.s. að hundur fari ekki inn í skólahús og aðra opinbera staði, að hundar séu ábyrgðartryggðir og að þeir raski ekki ró íbúa sveitarfélagsins. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um slíkt í Flóahreppi en það eru eindregin tilmæli til hundaeigenda í sveitarfélaginu að halda hundum heima og að sjá til þess að þeir séu ekki eftirlitslausir á ferð um sveitarfélagið. Sem betur fer fór betur en á horfðist með barnið sem bitið var á skólalóðinni en slíkur atburður má ekki endurtaka sig. Það verður ekki gert öðruvísi en með góðum vilja og aðstoð allra hundaeiganda í sveitarfélaginu.

Kristín Sigurðardóttir, skólastjóri
Margrét Sigurðardóttir, sveitarstjóri

Frá Flóaskóla

Tíminn í skólanum er alltaf mjög fljótur að líða, enda nóg að gera og margt skemmtilegt í gangi. Nú líður að fyrstu formlegu foreldraviðtölum skólaársins, en þau verða mánudaginn 26. október. Foreldrar mæta þá í viðtöl til umsjónarkennara með börnum sínum, fara yfir það sem af er liðið hausti og setja markmið til næstu vikna.

Framundan eru þemadagar þar sem ætlunin er að brjóta upp hefðbundið skólastarf. Þemað að þessu sinni verður „útikennsla“. Í nánasta nágrenni skólans er ýmislegt sem býður upp á möguleika til að nýta náttúruna og umhverfið og njóta þess að vinna þroskandi verkefni úti við. Nokkrir kennarar skólans sóttu í haust námskeið í útikennslu en þeir ætla að leiða þessa vinnu og kenna okkur hinum það sem þau lærðu í haust.

Samstarf við leikskólann Krakkaborg er í góðum farvegi. Nemendur í 1. bekk fengu að heimsækja vini sína á leikskólanum í september og verðandi 1. bekkingar munu koma í sína fyrstu skólaheimsókn í Flóaskóla í október. Börnin eru ánægð með þessar heimsóknir og það verður gaman að fylgjast með nýjum árgangi nemenda fóta sig við nýjar aðstæður í grunnskólanum. Samstarfsfundir verða haldnir í vetur á milli skólastiga til að efla faglegt starf enn frekar, m.a. með tilliti til markvissrar málörvuna og ART þjálfunar sem nú fer fram á báðum skólastigum. ART þjálfun hjálpar nemendum með þætti er tengjast félagsfærni, siðferðisþroska og sjálfstjórn.

Bekkarstarfið í 8. bekk gengur vel og hafa 8. bekkingar, í samstarfi við kennara og skólastjórnendur, mótað áætlun til áramóta vegna námsgreinar sem við köllum „starfsfræðsla/umhverfismennt/samfélagsvitund“. Í þessum kennslutímum fá nemendur ýmsa gesti, fara í vettvangsferðir, afla sér heimilda og kynnast þáttum sem efla þekkingu þeirra á umhverfinu og samfélaginu og bæta við þeirra eigin persónulega þroska.

Kennaranemar frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands verða hjá okkur í haust eins og undanfarin ár, í kynnisheimsóknum og æfingakennslu. Það er töluverð aðsókn nema að Flóaskóla og gaman að við getum lagt okkar að mörkum við þjálfun kennara framtíðarinnar.

Heimasíða skólans hefur verið uppfærð og geymir upplýsingar sem gott er að geta nálgast um skólann, m.a. stundaskrár, skóladagatal, skólanámskrá og símaskrá. Viðbragðsáætlun Flóaskóla vegna influensu er einnig aðgengileg á heimasíðu skólans, www.floahreppur.is.

Bestu kveðjur úr skólanum, Kristín Sigurðardóttir skólastjóri.
kristin@floahreppur.is, gsm 663-5720.

Fréttir frá Krakkaborg

Það er örugglega mörgum sem finnst sumarið hafa liðið allt of fljótt og sjálfsagt geta margir tekið undir með Bubba Morthens þegar hann syngur „Sumarið er tíminn þegar mér líður best“. Á hinn boginn eru aðrir sem fagna haustinu því þá byrja skólar á ný og lífið kemst aftur í fastar skorður. Hvort sem við erum sumar, vetrar, vor eða haustfólk þá er ég viss um að við getum verið sammála um það að hver árstíð hefur svo sannarlega sinn sjarma. Við í Krakkaborg tókum haustinu fagnandi og hlökkum til að njóta þess sem framundan er. Það er yndislegt að fylgjast með hversu auðvelt það er börnum að njóta líðandi stundar. Dásamlegur eiginleiki sem við fullorðna fólkið eigum stundum erfiðara með að missa ekki sjónar af. Þetta datt mér í hug þegar tveir piltar komu til mín stoltir á svip og sýndu mér sérlega myndarlegar kartöflur eftir vel lukkaða kartöfluuppskeru. Það var hrein unun að fylgjast með gleðinni sem skein úr augum þeirra.

Kór Krakkaborgar eða Regnbogakórinn hefur nú tekið til starfa undir stjórn Þórdísar Bjarnadóttur deildarstjóra á Bangsadeild. Haustdagskrá kórsins liggur nú fyrir og er afar áhugaverð. Meðal laga eru Álfadansinn, Vinurinn, Bahama og Hani, krummi, hundur, svín svo eitthvað sé nefnt.

Mánudaginn 14. september kom 1. bekkur Flóaskóla í heimsókn til okkar. Það var mjög gaman að hitta þessa skemmtilegu vini aftur og mikið var spjallað saman. Elstu börn Tígradeildar fara svo í sína fyrstu heimsókn í Flóaskóla í október.

Fyrir nokkru lögðum við lokahönd á Námsáætlun Krakkaborgar en þar má finna markmið og leiðir Krakkaborgar útfra áhersluþáttum Aðalnámskrá leikskóla. Námsáætlun Krakkaborgar er hægt að skoða á heimasíðu leikskólana www.leikskolinn.is/krakkaborg undir flipanum „Um leikskólann/upplýsingar“. Þar er einnig hægt að skoða Viðbragðsáætlun Krakkaborgar sem og Foreldrahandbók leikskólans.

Þann 16. september var haldið kynningarkvöld í leikskólanum fyrir foreldra. Þar var farið yfir vetrarstarf leikskólans og foreldrum afhent dagskipulag og skóladagatal. Einnig var Námsáætlun, Viðbragðsáætlun og Foreldrahandbók Krakkaborgar kynnt. Koskið var í foreldraráð leikskólans en samkvæmt 11. gr. í lögum um leikskóla ber leikskólastjóra að standa fyrir kosningu í foreldraráð og skal sú kosning fara fram í september ár hvert. Foreldraráð skólaársins 2008 – 2009 var endurkjörið en í því sitja þær Helga Sigurðardóttir frá Stóra-Ármóti 2, Erna Jóhannesdóttir frá Heiðargarði og Sigrún Helgadóttir í Brandshúsum.

Í lokin vil ég hvetja foreldra Krakkaborgar til að hafa samband við okkur ef einhverjar spurningar vakna varðandi skólastarfið. Einnig er alltaf gott að heyra frá ykkur hvort sem það snýst um það sem má bæta eða það sem þið eruð ánægð með í leikskólanum. Því reglulega þarf að fara yfir stöðu mál, meta og setja sér ný markmið til að stefna að. Þess vegna er sýn foreldra mikilvæg og í raun nauðsynleg til að gera góðan skóla enn betri.

Með bestu kveðju,
F.h. Starfsfólks Krakkaborgar
Karen Viðarsdóttir, Leikskólastjóri

Tré og list Forsæti III

Tvær sýningar eru nú í gangi í Tré og list, annarsvegar „Hennar fínasta púss“ sem samanstendur af upphlutssettum, skyrtum, svuntum og slifsum. Þar er áhersla lögð á að sýna ótrúlega fjölbreytni í efnis- og litavali. Vinna og alúð hefur verið lögð í að gera spariklæðin sem best úr garði og ekkert til sparað. Ávallt leitast við að velja þau fínustu efni sem kostur var á. En þess jafnframt gætt að vera alltaf innan hefðarinnar.

Hér eru svuntur, skyrtur og slifsi þriggja kynslóða. Elstu flíkurnar frá um 1930 og þær yngstu frá 1990. Allar flíkurnar eru úr safni Þjóðbúningarstofu.

Hinsvegar er sýning á gömlum vefstól og íslenskum vefnaði, það elsta frá árunum 1875-1880 eftir Guðrúnu Gestsdóttur, ásamt ofnum verkum eftir Ragnhildi Ingvarsdóttur og Kristínu Ketilsdóttur.

Oddný Kristjánsdóttir, klæðskeri sá um uppsetningu á sýningunum. Sýningarnar munu standa til áramóta.

Tamning og þjálfun

Tek að mér hross í tamningu og þjálfun í Kolsholti í ° Flóahrepp.

Hef lokið 4 knapamerkjum í FSu.

Nánari upplýsingar gefur Guðjón Sigurliði Sigurðsson, Kolsholti 3 í síma 6611880 eða 4863332.

Kornskurðar og heimaslátraraball 2009

verður haldið laugardagskvöldið 21. nóvember í Þjórsárveri. Takið kvöldið frá og byrjið að æfa sporin.

Umf. Vaka

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Félagsmálanámskeið

Kæru kvenfélagskonur, nú stýttist í að félagsmálanámskeiðið verði haldið, en það verður laugardaginn 17. október kl. 10.00 í Þjórsárverri.

Éndilega skráið ykkur til undirritaðrar í síðasta lagi miðvikudaginn 7. október í síma 482 2553/869 6534 eða á email skufslaekur2@gmail.com

Ég vil endilega hvetja ykkur til að taka daginn frá og koma og fræðast um fundarsköp, ræðumennsku, fundarstjórn og fl. Kvenfélagið ætlar að greiða hluta af námskeiðsgjaldi. Hefjum nú vetrarstarfið með gleði og vinnusemi.

F.h. stjórnar
Sólveig áSkúflæk

Haustfundur

Haustfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps verður haldinn sunnudagskvöldið 1. nóvember kl. 20.30 í Þjórsárverri.

Kaffikonur: Aðalheiður Alfons, Aðalheiður Sveinbjörns, Alda Hermanns og Anna Fía.

Mætum nú vel og ræðum vetrarstarfið framundan.

Með kveðju, fyrir hönd stjórnar
Valgerður.

Týnd hryssa

5 vetra rauð hryssa tapaðist úr Villingaholti. Hún er einkennalaus, þó svolítið ljósari á fax og tagl. Tamin, örmerkt 9934.



Vinsamlegast hafið samband,
897-4195 / 867-6166
Bolli / Sigurhans
846-3411 Bjarni í Gróf.

Frá UMF Baldri

Árgjald Umf. Baldurs

Athygli félaga Umf. Baldurs er vakin á því að árgjald ungmennafélagsins er kr. 1.000.- Þeir sem eru á aldrinum 7-13 ára greiða hálf árgjald þ.e. kr. 500.- frítt er fyrir félagsmenn yngri en 7 ára.

Félagar eru vinsamlegast beðnir um að greiða félagsgjaldið í gegnum heimabanka eða hafa samband við viðskiptabankann og biðja gjaldkera um að millifæra. Vinsamlega tilgreinið nafn og kennitölu greiðanda. Reikningsnúmer Umf. Baldurs er 0586-26-979 og kt. er 471077-0979 Ef spurningar vakna vinsamlegast hafið samband við gjaldkera, Svanhvíti í síma 482-2911 eða á tölvupósti lambastadir@emax.is

Með kveðju,
Svanhvít Hermannsdóttir
gjaldkeri Umf. Baldurs.

Þorablót Þingborg

Hið sívinsæla þorablót UMF Baldurs verður haldið **laugardagskvöldið 30. janúar 2010** næstkomandi. Finnið dagbókina og takið daginn frá. Síðan er bara að láta sér hlakka til og þússa dansskonna. Nánar auglýst síðar.

Stjórn UMF Baldurs

Afmæli

Á þessu ári eru liðin 60 ár frá því að Félagsheimilið Félagslundur var formlega vígt og 50 ár frá því að Félagsheimilið Þjórsárver var vígt. Af þessu tilefni hefur rekstrarstjórn Félagsheimilanna samþykkt að efna til sameiginlegs afmæliðsfagnaðar 7. nóvember n.k. Í Félagslundu verður boðið til kaffisamsætis að deginum til en um kvöldið verður boðið upp á tónleika í Þjórsárveri. Þessir tónleikar eru haldnir í samstarfi við Tónlistaskóla Árnæssýslu og munu nemendur skólans úr sveitarfélaginu flytja fjölbreitta tónlistadagskrá. Allir íbúar Flóahrepps og allir velunnarar þessarra félagsheimila eru velkomir á báða þessa viðburði.

Aðalsteinn Sveinsson.

Pistillinn

Skeggi á Skeggjastöðum setti mig í vanda, að skora á mig að skrifa pistilinn í Áveituna, þar sem ég er ekki vanur að fást mikið við skriftir.

Skeggi sagði frá upphafi fjallferðar snemma á níunda áratugnum. Ég fór nokkrar ferðir til fjalls, bæði í fjallsafn og eftirsafn. Ýmislegt er minnisstætt úr þeim ferðum, t.d. gestrisnin á bæjum í Gnúpverjahreppi, nefni ég þá helst Hlíð, Skáldabúðir, Steinsholt og Stöðulfell og fleiri mætti eflaust nefna. Af fjallkóngum fannst mér Árni í Flögu og Sveinn í Steinsholti vanda sig mest og segja byrjendum best til. Ekki minnst ég að þessar ferðir væru mikil afrek eða mjög erfiðar, veður var auðvitað misjafnt. Einna minnisstæðasta veðrið var þegar ég fór í Sandleit 1981, þegar við riðum yfir Fjórðungssand gerði ofsarok og ofankomu á móti okkur, skóf bæði snjó og sandi. Ekki get ég sagt að gamli kofinn á Bólstað væri mjög vistlegur, hálf blautum og hröktum mönnum, en allir hvíldust vel og daginn eftir fékk ég að fara í Arnarfell hið mikla. Sá ég þá að hinn mikli fjallagarpur Kristinn í Halakoti hafði engu logið um tign og fegurð þess staðar. Tvær ferðir fór ég seinna í Sandleit, ýmislegt er minnisstætt úr þessum ferðum, ekki síst hve létt grái klárinn minn bar mig, þó ekki væri sver.

Ég ætla rétt að vona að menn haldi áfram að reka fé á fjall, svo fólk fái að njóta þeirrar ánægju að smala fé til rétta. Ekki er minni ánægja þeirra sem koma eingöngu í réttir, hvort sem er að hjálpa til við að draga fé í dilka eða aðeins til að fylgjast með og njóta þeirrar upplifunar sem réttirnar hafa upp á að bjóða. Fjallferðir og réttir eru hluti af menningu, sem væri skaði af hyrfi. Bæjarhátíðir og Flóafjör og hvað allar uppákomur nútímans heita, hversu ágætar sem þær eru, munu aldrei jafnast á við þá reynslu, sem fólk fær í fjallferðum.

En margt breytist í tímans rás, sorglegt er að sjá góðar jarðir fara í eyði. En vonandi munu sveitirnar fyllast aftur af fólki, sem vill eiga heima þar, þó ekki starfi endilega allir við hefðbundinn búskap. Mjög hefur fjölgað í okkar ágætu sveit, það sýnir kannski að hér er gott samfélag, sem eftirsóknarvert er að búa í.

Við lifum á skrítnum tímum og höfum verið óheppin með forystumenn þjóðarinnar seinustu 30 árin og sérstaklega síðan um aldamót. Því held ég að það sé gott og vel við hæfi að hafa yfir Íslandsljóð Hannesar Hafstein.

Sú kemur tíð, er sárin foldar gróa,
sveitirnar fyllast, akrar hylja móa,
brauð veitir sonum móðurmoldin frjóa,
menningin vex í lundi nýrra skóga.

Sé ég í anda knör og vagna knúða
krafti sem vannst úr fossa þina skrúða,
stritandi vélar, starfsmenn glaða og prúða,
stjórnfjálsa þjóð, með verslun eigin búða.

Starfið er margt, en eitt er bræðrabandið,
boðorðið, hvar sem þér í fylking standið,
hvernig sem stríðið þá og þá er blandið
það er: Að elska, byggja og treysta á landið.

Mikilvægt er að vera bjartsýnn og lífsglaður þó á móti blási.

Skora ég á Þormóð Ólafsson að skrifa næsta pistil, en hann hefur líklega hvað oftast farið í leitir á Flóamannafrétt af núlifandi mönnum.

Þorsteinn Ágústsson á Syðra-Velli.

Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps

Haustfundur kvenfélagsins verður haldinn 13. október n.k. í Félagslundi og hefst kl. 20.30. Nýir félagar hjartanlega velkomnir.
Stjórnin.

Messur í október

Hraungerðiskirkja

Guðsþjónusta nk. sunnudag kl. 13:30. Vænst er þátttöku allra fermingarbarna og aðstandenda þeirra í öllum þremur sóknum prestakallsins. Eftir guðsþjónustuna verður fundur um fermingarmál. Organisti Ingimar Pálsson. Prestur sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson.

Villingaholtskirkja

Guðsþjónusta sunnudaginn 11. október kl. 13:30. Organisti Ingimar Pálsson.

Æskilegt er að fermingarbörn mæti til guðsþjónustunnar. Prestur sr. Axel Árnason.

Gaulverjabæjarkirkja

Guðsþjónusta sunnudaginn 11. október kl 14.00.
Sóknarprestur

Myndir af Félagslundi

Vegna 60 ára vígsluafmælis Félagslundar sem haldið verður upp á þann 7. nóvember óskar rekstrarstjórn félagsheimilanna eftir myndum sem teknar hafa verið af eða í Félagslundi í gegnum tíðina, sérstaklega frá byggingu hússins fyrir 60 árum. Ef fólk hefur yfir höndum eða veit af skemmtilegum myndum sem tengjast sögu Félagslundar skal það hafa samband við Anný Ingimarsdóttir í síma 8618368 eða í netfangið anny@eyjar.is.

Tónleikar

**Gunni Þórðar flytur eigin lög órafmagnað í Félagslundi
23. október.**

Tónleikarnir hefjast kl 20,30—Húsið opnar kl 20,00
Kaffihúsastemming
Órafmögnuð sögustund

Einn ástsælasti lagahöfundur landsins síðustu fjóra áratugi stígur á stökk
í Félagslundi og flytur öll sín þekktustu lög.

Úrslit Flóamóts

Flóamótið var haldið í finu veðri laugardaginn 29. ágúst á félagssvæði UMF Baldurs í Einbúa. Úrslit á mótinu urðu eftirfarandi. Keppendur hefðu mátt vera fleiri en mikið var um að vera á Suðurlandi þennan daginn. Því miður mætti engin keppandi frá Umf Samhygð þetta árið.

60 metra hlaup

Hnátur 10 ára og yngri

1. Eyrún Gautadóttir	Umf Baldur	10,7 sek
2. Kolbrún Katla Jónsdóttir	Umf Vaka	13,4 sek
3. Ingibjörg Helga Jóhannsdóttir	Umf Baldur	13,7 sek

Hnokkar 10 ára og yngri

1. Hólmar Höskuldsson	Umf Baldur	10,9 sek
2-3. Hannes Höskuldsson	Umf Baldur	11,3 sek
2-3. Ýmir Atlason	Umf Vaka	11,3 sek
Stefán Narfi Bjarnason	Umf Baldur	11,4 sek
Dagur Fannar Einarsson	Umf Vaka	13,1 sek
Unnsteinn Reynisson	Umf Vaka	13,2 sek
Sæþór Atlason	Umf Vaka	14,3 sek
Sigurjón Reynisson	Umf Vaka	17,5 sek
Daði Kolviður Einarsson	Umf Vaka	21,5 sek

Stelpur 11-12 ára

1. Guðrún Inga Helgadóttir	Umf Vaka	9,7 sek
2. Helga Margrét Höskuldsdóttir	Umf Baldur	9,8 sek

Strákar 11-12 ára

1. Ægir Atlason	Umf Vaka	10,4 sek
2. Jóann Páll Smáráson	Umf Vaka	11,7 sek
3. Sigurður Andri Jóhannsson	Umf Baldur	12,9 sek

100 metra hlaup

Piltar 13-14 ára

1. Arnar Einarsson	Umf Vaka	15,9 sek
2. Sveinn Orri Einarsson	Umf Vaka	17,9 sek
3. Jón Gautason	Umf Baldur	18,6 sek

400.m hlaup

Hnátur 10 ára og yngri

1. Eyrún Gautadóttir	Umf Baldur	1:25,3 mín
2. Ingibjörg Helga Jóhannsdóttir	Umf Baldur	2:11,4 mín
3. Kolbrún Katla Jónsdóttir	Umf Vaka	2:33,8 mín

Hnokkar 10 ára og yngri

1. Hannes Höskuldsson	Umf Baldur	1:26,0 mín
2. Hólmar Höskuldsson	Umf Baldur	1:26,7 mín
3. Ýmir Atlason	Umf Vaka	1:30,7 mín
Dagur Fannar Einarsson	Umf Vaka	1:37,0 mín
Stefán Narfi Bjarnason	Umf Baldur	1:40,8 mín
Unnsteinn Reynisson	Umf Vaka	1:56,7 mín
Sæþór Atlason	Umf Vaka	1:56,8 mín
Sigurjón Reynisson	Umf Vaka	2:17,4 mín
Daði Kolviður Einarsson	Umf Vaka	2:58,5 mín

Stelpur 11-12 ára

1. Guðrún Inga Helgadóttir	Umf Vaka	1:21,3 mín
2. Helga Margrét Höskuldsdóttir	Umf Baldur	1:26,0 mín

Strákar 11-12 ára

1. Ægir Atlason	Umf Vaka	1:24,9 mín
2. Jóann Páll Smáráson	Umf Vaka	1:35,6 mín
3. Sigurður Andri Jóhannsson	Umf Baldur	1:48,6 mín

800.m hlaup

Piltar 13-14 ára

1. Arnar Einarsson	Umf Vaka	2:56,1 mín
2. Sveinn Orri Einarsson	Umf Vaka	2:57,5 mín
3. Jón Gautason	Umf Baldur	3:48,4 mín

Langstökk

Hnátur 10 ára og yngri

1. Eyrún Gautadóttir	Umf Baldur	3,02 m
2. Ingibjörg Hugrún Jóhannsdóttir	Umf Baldur	2,02 m
3. Kolbrún Katla Jónsdóttir	Umf Vaka	1,98 m

Hnokkar 10 ára og yngri

1. Hannes Höskuldsson	Umf Baldur	3,35 m
2. Hólmar Höskuldsson	Umf Baldur	3,25 m
3. Ýmir Atlason	Umf Vaka	2,95 m
Stefán Narfi Bjarnason	Umf Baldur	2,91 m
Dagur Fannar Einarsson	Umf Vaka	2,37 m
Sæþór Atlason	Umf Vaka	2,18 m
Unnsteinn Reynisson	Umf Vaka	2,06 m

Sigurjón Reynisson	Umf Vaka	1,47 m
Daði Kolviður Einarsson	Umf Vaka	1,02 m

Stelpur 11-12 ára

1. Guðrún Inga Helgadóttir	Umf Vaka	3,63 m
2. Helga Margrét Höskuldsdóttir	Umf Baldur	3,36 m

Strákar 11-12 ára

1. Ægír Atlason	Umf Vaka	3,69 m
2. Jóann Páll Smárason	Umf Vaka	3,15 m
3. Sigurður Andri Jóhannsson	Umf Baldur	2,55 m

Piltar 13-14 ára

1. Arnar Einarsson	Umf Vaka	3,45 m
2. Jón Gautason	Umf Baldur	3,08 m
3. Sveinn Orri Einarsson	Umf Vaka	2,73 m

Kúluvarp

Stelpur 11-12 ára

1. Guðrún Inga Helgadóttir	Umf Vaka	7,86 m
2. Helga Margrét Höskuldsdóttir	Umf Baldur	7,57 m

Strákar 11-12 ára

1. Ægír Atlason	Umf Vaka	7,63 m
2. Sigurður Andri Jóhannsson	Umf Baldur	6,63 m
3. Jóann Páll Smárason	Umf Vaka	5,93 m

Piltar 13-14 ára

1. Jón Gautason	Umf Baldur	7,79 m
2. Sveinn Orri Einarsson	Umf Vaka	7,04 m
3. Arnar Einarsson	Umf Vaka	6,36 m

Lokastaða

1.	Umf Vaka	141,5 stig
2.	Umf Baldur	125,5 stig

Flóðgáttin

Umsjónarmanni Flóðgáttarinnar hafa ekki borist neinar stökur til birtingar undanfarið eftir líflegt upphaf þessa dagskrárliðar Áveitunnar. Ekki má við svo búið standa og er hér með skorað á stökusmiði sveitarinnar að bretta upp ermar og senda inn efni fyrir næsta tölublað.

Ef til vill hefur skortur á yrkisefnum teppt vísnaframhlaup nú síðsumars en hér með stungið upp á efni sem hægt væri að gera skil bundnu mál: Haustið og störfín sem tengjast því, svo sem kornsláttur, sláturtíð, fjallferðir og svo fram vegis.

Eins er Flóðgáttin opin fyrir eldri yrkingar Flóamanna sem fólk gæti lumað á.

Efni sendist til Stefáns í Gerðum, sími 8676907 og netfang stegeir@hotmail.com.

Söngkvöld í Þjórsárveri 24. okt.

Fyrsta vetrardag, lau. 24. okt. verður efnt til söngkvölds í Þjórsárveri og sungið fram um miðnætti.

Húsið verður opnað upp úr kl. 20 með leikandi og ljúfri tónlist Steindórs Dan.

Söngstjóri er Ingi Heiðmar Jónsson. Sögumaður verður Ólafur Kristjánsson í Geirakoti.

Söngbók 1 verður til láns á staðnum, en gestir eru hvattir til að taka með eigin söngbók ef tiltæk er.

Kaffisopi innifalinn í aðgangseyri sem verður 1000 kr.

Kvígur til sölu

Til sölu 4 kálffullar kvígur. Burðartími er frá byrjun nóvember fram í desember.

Upplýsingar í síma 8676907.

Stefán Gerðum



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Flóabúar

og annað gott fólk

Ferðamannatímabilið er búið í bili.

NÚ hef ég tíma

til að

Leggja nýlagnir, breita gömlu lögnunum, laga smátt og stórt.

allt frá virkjunum að gripahúsum.

Allt að ykkar óskum

Gestur Kristinsson pípulagningameistar

Gaulverjaskóla sími 896-6719 og 55 10 654

Dagskrá mánaðarins

Guðsþjónusta í Hraungerðiskirkju	4. október
Glímuæfing	5. október
Æfing eldri	6. október
Æfing yngri	7. október
Guðsþjónusta í Gaulverjabæjarkirkju	11. október
Guðsþjónusta í Villingaholtskirkju	11. október
Glímuæfing	12. október
Æfing eldri	13. október
Hautfundur Kvf. Gaulverja	13. október
Æfing yngri	14. október
Félagsmálanámskeið í Þjórsárveri	17. október
Glímuæfing	19. október
Æfing eldri	20. október
Æfing yngri	21. október
Gunni Þórðar í Félagslundi	23. október
Söngkvöld í Þjórsárveri	24. október
Glímuæfing	26. október
Æfing eldri	27. október
Æfing yngri	28. október
Hautfundur Kvf. Villingholtshr.	1. nóvember
Afmæli félagsheimilanna	7. nóvember
Kornskurðarball	21. nóvember